

L Ö G

11

2. júní

um bráðabirgðaverðtoll.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Innkaupsreikninga yfir eftirtaldar vörur, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru af innlendum uppruna (endursendar ísl. afurðir) né teljast til farangurs ferðamanna, skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, sem segir í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, með þeim hundræðshlutum — þar í talinn verðtollur, er á vörunni hvílir samkvæmt lögum nr. 47 1926 og nr. 5 1928 — af innkaupsverði þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörunar hingað til lands, sem hér greinir:

A. Með 50% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:

Andlitsduft, andlitssmyrsl, ilmsmyrsl og aðrar kosmetiskar vörur. Flugeldar og efni í þá. Jólátré. Leikföng, handhnettir og jólátrésskraut. Lifandi blóm. Loðskinn. Loðskinnavörur. Málverk. Myndir og myndabækur. Skrautfjaðrir. Skrautgripir og myndir úr marmara, gipsi, steini o. fl. Spil. Vörur úr gulli. Vörur úr pletti. Vörur úr silfri. Þurrkaðar plöntur, blóm og blóm-sveigar.

B. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:

Aldinhlauþ og aldinm auk. Ávextir niðursoðnir. Bjúgu (pýlsur). Eggjauft. Gólfteppi hverskonar. Grammofónar og tilheyrandi. Grammofónsplötur. Húsgögn tilbúin. Kex og kökur. Lakkris. Legsteinar. Mótórhjól. Myndavélar og hlutar úr þeim. Rammar og rammalistar.

C. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:

Blaut sápa (græn- og kristals). Blikkkassar. Burstar og sópar. Egg. Handvagnar, hestvagnar. Hart brauð (skipsbrauð og skonrok). Hljóðfæri allskonar. Hurðir, gluggar og karmar og annað smíði til húsa. Hvalafurðir. Jarðepli. Kreólín. Kringlur og tvíbökur. Myndamót. Niðursoðin mjólk. Oliufatnaður úr öðru en silki. Reikni- og talningarvélar. Róðrabátar og pramm ar. Skófataður úr skinni og flóka. Skrif- og aðrar skrifstofuvélar. Smjörliki. Strigaskór með leðursólum. Svinafeiti. Tilbúin þrjónavara úr ull. Ull arband og hverskonar þrjónaband. Vagnaburður. Þvottaefni.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnæðarúrskurð.

11

2. júní

2. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 5 1928 um sýning innkaupsreikninga og ákvæði 2. gr. sömu laga og gildandi reglugerð um verðtoll gilda einnig um gjald og innheimtu samkvæmt 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um þetta gjald, og má þá þar ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar.

3. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi allar þær undanþágur frá verðtolti, sem veittar hafa verið að undanfögnu, nema fyrir hráefni eða efnivörur, vélar og áhöld, sem eingöngu er notað til innlendrar framleiðslu.

4. gr.

Ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollskyldri vöru, er tollheimtumanni rétt að ákveða sanngjarnt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 2. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

12

3. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir 1. lið í 1. gr. laganna komi:

1. a. Af allskonar öli kr. 0,80 af hverjum lítra.
- b. Af límonaði og öðrum samskonar óáfengnum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum lítra.